

Ársskýrsla 2017



Brynjar Halldórsson Ibsen og Ómar Jónsson heilsa að skátasið, Margrét Jónsdóttir gengur niður tröppurnar á heimili sínu við Ásabrautina í Keflavík. Ljósmynd Jón Tómasson.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Starfsemin.....	4
Starfsmenn safnsins.....	4
Ráðstefnur, námskeið og fundir.....	4
Rekstur safnsins.....	4
Ýmis verkefni:	4
Miðlun	5
Sýningar.....	5
Safnafræðsla.....	6
Þorrinn, Sjómannadagurinn, 17 júní og Ljósanótt.....	6
Söguskiltin við Strandleiðina	6
Fræðslufundir, málþing	6
Gestafjöldi	7
Vefur og útgáfustarf.....	7
Safnkosturinn.....	8
Munasafn.....	8
Myndasafn.....	11
Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins	11
Rannsóknir.....	12

Samantekt

Nokkrir góðir áfangar náðust á árinu 2017. Tvær sýningar voru opnaðar í Gryfjunni í Duus safnahúsum. Áfram var haldið með ljósmyndun muna í munasafni og hefur nú um 41% safnkostsins verið ljósmyndað. Hafist var handa við að opna gátt fyrir almenning að ljósmyndasafninu í gegnum Sarp. Vinna við forvörsluáætlun og gæðahandbók komst vel áleiðis. Þá var tekið þátt í verkefninu Verndarsvæði í byggð sem m.a. fól í sér sýningu í Gryfjunni. Lögð voru drög að rannsóknum á Skjaldarbruninum.

Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins.

Starfsmenn safnsins

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Fastráðnir starfsmenn: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Haraldur Haraldsson safnvörður, bæði í 100% starfi. Hulda Björk Þorkeldsdóttir var verktaki en aðalverkefni hennar voru að ganga frá skjalasafni byggðsafnsins, einkaskjalasafninu og aðstoða við skráningu í Sarp. Samningar voru gerðir við Virk/Samvinnu þar sem þrír starfsmenn komu og unnu við ljósmyndasafnið. Einn nemi úr vinnuskólanum kom til starfa og starfsnemi frá Kanada kom á sumartíma.

Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Sóttur var árlegur fundur þjóðminjavarðar á vordögum, báðir starfsmenn sóttu farskólia safnmanna sem að þessu sinni var haldinn á Siglufirði. Forstöðumaður sat fundi í skráningarráði Sarps og minjaráði Reykjaness.

Rekstur safnsins

Ársvelta safnsins 2017 var kr 52.675.176.

Tekjur:

Safnasjóður 3.350.000.

Verkefnið Verndarsvæði í byggð: kr. 3.610.000

Styrkir samtals 6.960.000

Húsaleiga v Vatnsness 276.000.

Styrkir og tekjur smt alls: 7.236.000

Framlag bæjarins var: 45.439.176

Útgjöld:

Laun og launatengd gjöld: 16.668.539

Húsnæðiskostnaður: 24.720.595

Sértækur rekstur safns 8.910.648

Almennur rekstur: 2.375.394

Styrkir þeir sem safnið fær eru allir tilkomnir vegna sérstæks reksturs safns og fara þeir langleiðina í að borga þann lið eins og sjá má.

Ýmis verkefni:

Áfram var haldið við að koma safnkostinum vel fyrir í Ramma, bætt var í hillukerfið og endurreiðað að hluta. Aðstoðað var við önnur verkefni í húsinu, eins og við tiltektir í bæjargeymslunni t.d. er varðar þjónustu vegna húsgagna til endurnýtingar. Aðstoð var veitt

við uppsetningar og niðurtækningar á sýningum Listasafns Reykjanesbæjar og rágjöf til Bókasafns vegna sýninga í átthagastofu.

Vinna hófst við forvörsluáætlun og fengum við góðan liðsauka en Anna Esther Heckadon háskólanemi í Kanada bauð sig fram sem sjálfbóðaliða og tókum við því með þökkum en greiddum henni ferða- og fæðiskostnað. Anna fór yfir safnkostinn í geymslunni eftir ákveðnu kerfi sem við, undirrituð, Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður og Anna unnum saman.

Niðurstaðan sýndi að grunnskipulag safnsins er mjög gott en útbóta er þörf einkum er kemur að rekstri geymslunnar t.d. að halda þeim og safnkostinum hreinum. Hér sem annars staðar stendur fáliðun okkur mjög fyrir þrifum.

Undirrituð hefur verið að vinna að gæðahandbók fyrir safnið í samvinnu við Harald Haraldsson, safnvörð og Huldu Björk Þorkelsdóttur, verktaka. Hægt gengur en vonast er til að gefa út handbókina síðar á þessu ári.

Þessi tvö verkefni, forvörsluáætlunin og gæðahandbókin hafa fengið stryki frá Safnasjóði.

Að venju var Vatnsneshúsið leigt út til listamanna og handverksfólks. Á árinu 2017 voru Vera Ósk Steinsen, Ólafur Ingi Brandsson og Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ með aðstöðu í húsinu.

Miðlun


Sýningar.



Settar voru upp 2 sýningar í Gryfjunni. Fyrri sýningin var: *Þeir settu svip á bæinn, Skátafélagið Heiðabúar 80 ára* og var hún opnuð 11. júní. Sýningin var samstarfsverkefni safnsins og skátafélagsins Heiðabúa. Gunnhildur Þórðardóttir var hönnuður sýningarinnar. Texti var bæði á íslensku og ensku.

Frá skátasýningunni, munir, myndir og skjöl prýddu sýninguna. Ljósmynd Oddgeir Karlsson.

Þann 11. nóvember var opnuð sýningin: *Reykjanesbær, verndarsvæði í byggð?* Sýningin er afurð samstarfsverkefnis nokkurra aðila í bæjarkerfinu um að gerð yrði tillaga að



verndarsvæði í byggð í nágrenni Duus safnahúsa. Í sýninganefnd sátu auk undirritaðrar, Guðlaug Lewis, Gunnar Óttósson og Valgerður Guðmundsdóttir. Hönnuðir sýningarinnar voru Ármann Agnarsson og Helgi Páll.

Hluti af tímalínunni. Ljósmynd Oddgeir Karlsson.

Í Bókasafni Reykjanesbæjar var sett upp ein smásýning í einn sýningaskáp. Í Víkingaheimum var sýning safnsins á fornleifum frá svæðinu óbreytt frá fyrra ári, sýningin á miðlofti Bryggjuhúss var óbreytt og engar fregnir hafa komið um hvenær bætt verði úr aðgengi að sýningunni. Sýningarnar í Stekkjarkoti og Innri-Njarðvíkurhúsinu voru óhreyfðar en bæði þau hús voru opin samkvæmt samkomulagi en ekki hefur fengist fjármagn til að hafa þar auglýstan opnunartíma. Afar mikilvægt er að skoða stöðu þessara húsa og Vatnsneshúsið. Hvernig á að skipuleggja rekstur þeirra viðhald og viðgerðir. Ástand sýningarinnar í Innri-Njarðvíkurhúsinu er mjög slæmt. Í reynd þyrfti að tæma húsið af safnkosti. Þá gefst kostur á að meta ástand hans og taka myndir. Í kjölfarið þarf að ákveða hvaða hlutverki húsið eigi að gegna. Við höfum þegar tekið fyrstu skrefin með því að fá Oddgeir Karlsson til að taka myndir í húsinu.

Safnafræðsla

Kynningarbréf voru send til leikskóla Reykjanesbæjar í janúar og nóvember þar sem kynnt var þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og jólahalds í Bryggjuhúsi.

Í Bryggjuhúsi var boðið upp á almenna kynningu og um jólin voru hinir gömlu jólasveinar kynntir ásamt þeim sögulega veruleika sem þeir tengjast. Jafnframt var áhersla lögð á að kynna Bryggjuhúsið.

Í Duus safnahús, árið 2017 komu þó nokkrir nemendahópar í skipulagða fræðsludagskrá einkum frá leikskólum. Á árinu voru skráðar nemendaheimsóknir í Duus Safnahús í kringum 2.400 nemendur sem er fækkun um 300 nemendur frá fyrra ári. Af þessum hópi voru leikskólanemendur tæplega 1.300, grunnskólanemendur voru um 1.000 og framhaldsskólanemendur í kringum 170.

Þrjú leikskólar fengu afnot af Stekkjarkoti í tengslum við Þorrann.

Þorrinn, Sjómannadagurinn, 17 júní og Ljósanótt

Þorakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru lánaðar til 4 leikskóla Reykjanesbæjar. Tekið var þátt í dagskrá á sjómannadag í Duushúsum og veitt aðstoð vegna fjallkonunnar við hátíðardagskrá á 17. júní. Áhugasömum var boðið í sögugöngu á Ljósanótt undir leiðsögn Helga Biering, aðstoðarfélagsforingja Heiðabúa, um söguslóðir skáta í Keflavík.

Söguskiltin við Strandleiðina

Í samvinnu við kynningarstjóra Reykjanesbæjar var unnið við að endurnýja söguskiltin sem prýða göngustíginn Strandleiðina. Áhersla var lögð á að bjóða upp á enska þýðingu á textunum. Þessi verkefni er lokið en fjármagn var ekki nóg til að skipta út öllum skiltunum en vonast er til að það takist að endurnýja þau á næstu árum.

Fræðslufundir, málþing

Árni Jóhannsson skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands flutti erindi þann 9. febrúar um tilraunir með smíði plastbáta í Skipasmiðastöð Njarðvíkur auk þess fór hann stuttlega yfir sögu fyrirtækisins. Fundurinn var í samvinnu við Sögufélag Suðurnesja.

Safnahelgi á Suðurnesjum var haldinn 11. til 12. mars og var sendur út póstur á bæjarbúa til að vekja athygli að söfnum byggðasafnsins á sögulegum gripum úr bæjarlífinu. Sent var

kynningarrit á öll heimili í bænum undir forskriftinni: *Er sagan í þínum fórum?* Safnstjóri var á sýningu safnsins *Heimilið* í Gryfjunni og spjallaði við gesti um sögu og sögulega gripi.

Þann 30 mars var opnuð farandsýningin *Verbúðarlíf: menning og minning* sem Benný Sif Ísleifsdóttir, Fríða Björk Ólafsdóttir og Vala Smáradóttir voru höfundar af. Almenn kynning á þessu verkefni var í höndum höfunda á opunardeg.

Þá var evrópski minjadagurinn haldinn hátíðlegur þann 14. október í fyrsta skiptið í Reykjanesbæ í samvinnu við Minjastofnun Íslands og Reykjanes Jarðvang. Þar flutti Þór Hjaltalín erindi um minjavörslu með áherslu á yngri minjar einkum þeim sem tengjast seinna stríði. Farið var í framhaldi af fundinum upp á Patterson völl til að skoða sprengjuskýli og leifar af flugvellinum.

Þann 12. nóvember var haldið málþing um verkefnið *Keflavík, verndarsvæði í byggð?* Þar tóku til máls Guðný Gerður Gunnarsdóttir frá Minjastofnun, Karl Steinar Guðnason rifjaði upp bernskuminningar úr Keflavík, Jón Stefán Einarsson, arkitekt, sagði frá ýmsum aðferðum við að skipuleggja gamla byggð, hugmyndir að nýbyggingum inn í slíkar heildir og hans eigin hugmyndir varðandi ýmsa uppbyggingu í Keflavík. Undirrituð reifaði verkefnið sjálft en kynnrir var Valgerður Guðmundsdóttir. Þann 7. desember flutti Eiríkur Hermannsson erindi um tónlistarsögu bæjarins og var sá fundur í samvinnu við Sögufélag Suðurnesja.


Gestafjöldi

Heildarfjöldi gesta í Duus Safnahús á liðnu ári 25.200 manns, þar af voru innlendir gestir 19.460 og erlendir 5.740.

Vefur og útgáfustarf.

Á vefsíðu safnsins er að finna öll grunnskjöl safnsins, sýningar á vegum þess og tilvísanir í nánara efni. 14 fréttir voru birtar á vefnum auk 17 færslna á facebooksíðu safnsins. Vefurinn og facebooksíðan eru notuð til að kynna starfsemina, safngripi og myndir úr myndsafninu. Auk þess eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir þar en einnig með útsendum boðsbréfum.

Safnkosturinn



Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnskrá 1. mars 2018 var 15.716 og er það fjölgun um 1681. Nýskráningar í munasafn byggðasafnsins árið 2017 voru 1140. Fjölgun nýskráninga helgast af nokkrum stórum gjöfum til safnsins þar er lang stæðst hluti úr leikfangasafni Helgu Ingólfssdóttur. Úr fórum safnsins voru 478 færslur en ástæðan fyrir þessum fjölda er aðallega leiðréttingar eldri skráningar en oft tíðkaðist að skrá marga hluti á sama númer sem í dag er óheppilegt af mörgum ástæðum ekki síst þegar myndir fylgja skráningunni í Sarpi.

Árið 2017 voru nýskráð 1140 aðföng við munasafnið það voru 49 sem gáfu eða afhentu gripri til safnsins..

Árni Þór Lárusson gaf íþróttaföt og fleira, 21 aðfang.

Björg Guðjónsdóttir Matthews gaf tvo hluti er tengdust Magnúsi Guðjóni Guðjónssyni rakara í Keflavík, 2 aðföng.

Hreinn Óskarsson kom með þó nokkuð af gripum úr eigu Björns Stefánssonar er varðar þátttöku Björns í St. Georgsgildinu í Keflavík, 14 aðföng.

Frá Bókasafni Reykjanesbæjar komu safn áprentaðra skrauddiska m.a. með skáldamyndum og vasar með merki Keflavíkur, 12 aðföng.

Frá Byggðasafni Reykjanesbæjar kom ferðageislaspillari ásamt hátölurum, 2 aðföng.

Drífa Sigfúsdóttir kom með ýmsa gripri úr eigu foreldra sinna Sigfúsar Kristjánssonar og Jónínu Kristjánsdóttur, 28 aðföng.

Elín Jakobsdóttir kom með 2 aðföng.r

Elínborg Herbertsdóttir gaf púsluspil með körfuboltaliðinu sínu, 1 aðfang.

Ellert Eiríksson afhenti innrammað skólaspjald frá Gagnfræðaskóla Keflavíkur veturinn 1952-1953, 1 aðfang.

Elsa Lilja Eyjólfssdóttir gaf innrammaða mynd af langafa sínum Helga Valdimar Jónassyni, 1 aðfang.

Fríða Rögnvaldsdóttir gaf hluti úr eigu Rögnvaldar Sigurjónssonar, Jónu Lilju Samúelsdóttur og Júlíönnu Jónsdóttur, 11 aðföng.

Finnbogi Björnsson afhenti hluti frá dvalarheimilinu Garðvangi, einkum myndir, föndurvörur og ýmsar gjafir sem Garðvangi hafa verið gefnir í gegnum tíðina, 32 aðföng.

Guðbjörg Sveinsdóttir gaf nokkrar flíkur úr skátastarfinu, 4 aðföng.

Frá **Guðmundi Maríussyni** kom skóhneppari, 1 aðfang.

Gunnar Baldvín Valdimarsson gaf áprentaðan bol, 1 aðfang.

Gunnhildur Þórðardóttir gaf strákaleikföng, 3 aðföng.

Guðrún Ólafsdóttir afhenti nokkra hluti er tengdust æskuárum þeirra systra Guðrúnar og Hallfríðar í Keflavík, 11 aðföng.

Haraldur Haraldsson gaf skátabelti, 1 aðfang.

Frá Heiðaskóla komu m.a. segulbandstæki, vasadískó og myndbandsupptökutæki, 7 aðföng.

Helga Ingólfisdóttir, kom með 3 aðföng.

Helgi Valdimar Viðarsson Biering kom með ýmsa hluti, 5 aðföng.

Hermann Árnason kom með heimilishluti, 5 aðföng.

Hulda Sveinsdóttir kom með skjöld er tengdist störfum hennar hjá Varnarliðinu, 1 aðfang.

Ingibjörg Magnúsdóttir gaf veggteppi úr eigu Magnúsar Þorvaldssonar, 1 aðfang.

Ingólfur Arnar Stangeland afhenti leikfagnasafn móður sinnar Helgu Ingólfisdóttur um er að ræða gríðarstórt safn og hefur það aðeins verið skráð að hluta, 450 aðföng voru skráð.

Dagný Gísladóttir sem stóð fyrir sýningunni, *Íbúð kanans* og tekin var niður á árinu afhenti töluvert af gripum sem hún hafði safnað í tengslum við sýninguna, allt tengt varnarliðinu, alls 148 aðföng.

Jóhannes Sigurðsson gaf tvo jakka sem tengjast hestamannafélaginu Mána, 2 aðföng.

Jón Ólafur Jónsson gaf símtæki. 1 aðfang.

Ástráður Gunnarsson fyrir hönd Landsbankans afhenti nokkra gipi er tengdust Sparisjóði Keflavíkur, 4 aðföng.

Jón Ólafur Jónsson og Friðrik Hermann Friðriksson gáfu gripi sem tengjast Lionessklúbb Keflavíkur og Lionsklúbbi Keflavíkur, 46 aðföng.

Margrét Herborg Björnsdóttir gaf safn af kindahornum, 1 aðfang.

Margrét Einarsdóttir gaf hjólaskauta og nokkra sparikjóra, jakka og treyju, 7 aðföng.

Guðríður Vilbertsdóttir afhenti gripi frá Njarðvíkurskóla aðallega gömul kennslugögn, 92 aðföng.

Oddgeir Erlendur Karlsson gaf skátabúning sinn og eldhúsvigt úr eigu Önnu Salóme Ingólfisdóttur, 8 aðföng.

Oddný Guðbjörg Leifsdóttir gaf skó og fleira m.a. úr eigu Elísabetar Leifsdóttur, heimilisbúnað frá heimili Leifs Einarssonar og Guðrúnar Sumarliðadóttur, 22 aðföng.

Margrét Ragnarsdóttir afhenti fyrir hönd systkina sinna Sigrúnar Ingibjörgu Benediksdóttur og Guðmundar Arnar Ragnarssonar, hluti úr eigu foreldra þeirra, Sigríðar Guðmundsdóttur og Benedikts Þórarinssonar en Benedikt var mikill safnari, 61 aðfang.

Frá ráðhúsi Reykjanesbæjar kom ein mynd, 1 aðfang.

Frá Dánarbúi Reynis Ólafssonar komu innrammaðar ljósmyndir af skipum sem Bjarni Geir Bjarnason kom með, 9 aðföng.

Rúnar Heimir Georgsson, 1 aðfang.

Sigurbjörg A. Guttormsdóttir kom með ýmsa gripi er tengjast æskuárum hennar og voru í eigu móður hennar Þórveigar Hrefnu Einarsdóttur, 33 aðföng.

Sigprúður Ingimundardóttir kom með handavinnu, 3 aðföng.

Frá Skátafélaginu Heiðabúum komu gripir tengdir félagsstarfinu 2 aðföng.

Systurnar Sigurbjörg, Sigríður, Efla og Alma Guttormsdætur komu með gripi úr eigu móður þeirra Þórveigar Hrefnu Einarsdóttur, leikföng og gítar, 5 aðföng.

Sævar Pétursson gaf brúðgumaföt föður síns, Péturs Jóhannssonar, auk þess sem hann kom með matvinnslutæki, saumavél ásamt fylgihlutum, 24 aðföng.

Valgerður Guðmundsdóttir gaf sjónvarp sem dóttir hennar Bryndís Hjálmarsdóttir átti, 2 aðföng.

Vilhjálmur Skarphéðinsson kom með ýmsa gripir og skjöl, 9 aðföng.

Þorbjörg Þorgímsdóttir gaf rakvél úr eigu Þorgríms A. Guðmannssonar, 1 aðfang.

Frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf, KADECO, komu ýmsir gripir sem tengdust varnariðinu og félaginu, 17 aðföng.

Harpa Þorvaldsdóttir og börn hennar, Ösp, Sóley og Börkur Birgisbörn gáfu ýmsa gripir úr eigu Birgis Guðnasonar, alls 10 aðföng.

Að auki komu 12 aðföng án tengsla inn í safnið.



Ljósmyndir af nokkrum aðföngum 2017, sem fylgja skráningu þeirra í sarpur.is. Ljósmynd Oddgeir Karlsson

Markmiðið er að fullskrá öll ný aðföng á því ári sem þau koma í safnið. Að þessu sinni náðist það ekki vegna þess hversu stórt leikfangasafn Helgu Ingólfsdóttur reyndist vera. Munasafnið er að öðru leyti fullu skráð, þannig að hver einasti gripur er með sitt safnnúmer. Annað markmið er að öll safnnúmer séu með staðsetningu í staðsetningakerfi safnsins. Þann 1 mars 2018 voru 14.136 númer með skráða staðsetningusem er rétt um 90% en 1.580 númer voru ekki með staðsetningu sem er um 10% af skráðum safnkosti í síðustu árskýrslu voru óstaðsettir gripir um 14% safnkosts þannig að smámsaman hefur tekist vinna þetta upp.

Á árinu voru 1376 gripir skráð á fastar sýningar safnsins, á skammtímasýningum í Gryfjunni voru 277 gripir og um 17 gripir á smásýningu safnsins í bókasafni.

Skammtímaútlán voru 55 gripir en í langtímaútláni voru 78 gripir. Þannig voru 1803 gripir miðlað með þessum hætti á árinu, sem er tæplega 12%. Þannig að um 88% safnkostsins var óhreyfður í Ramma á árinu.

Haldið var áfram við að taka ljósmyndir af safnkostinum, samið var við Oddgeir Karlsson ljósmyndara um að taka verkið að sér. Hann hóf störf í byrjun október en styrkur fékkst aftur úr Safnasjóði í þetta verkefni. Myndirnar hafa verið tengdar við sínar færslur í Sarpi og má sjá afraksturinn á *sarpur.is*. Staðan 1 mars 2018 er að 6.489 aðföng eru komin með mynd sem er um 41% af safnkostinum. Afar mikilvægt er að halda áfram að taka myndir af því sem komið er í safnið og stefna að því að ljúka myndatöku þess á næstu árum. Sú regla hefur verið við lýði undanfarin ár að mynda stóran hluta að nýjum aðföngum um leið og þau berast. Þannig að ef fjármagn fæst í áframhaldandi vinnu þá gæti náðst sá árangur að klára ljósmyndun muna á innan við fimm árum.

Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú meginöfn, almennt safn ljósmynda, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar. Töluvert var að venju um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 41.726 myndir. Haldið var áfram við skönnun mynda og um áramót var búið að skanna inn 16.250 myndir og 10.062 myndir hafa verið settar í sýrufri umslög. Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 47.163 tölur en safnið er ekki fullskráð og má búast við að númer í safninu séu í kringum 100.000. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn fleiri valdar myndir. Nú hafa 1.716 tölunúmer úr safninu verið skönnuð. Á árinu 2017 var ekkert skannað inn úr filmusafni Heimis.

Ákveðið var að hætta með sérstaka myndagátt fyrir almenning í gegnum kerfið Fotoweb. Í þess stað verður þessi þjónusta í Sarpí. Þar getur fólk skoðað safnið, pantað myndir og sent inn athugasemdir. Nú þegar er búið að færa yfir í Sarp um 1000 myndir en eftir er að ljúka vinnu við þær til að gefa þær út á vefnum. Afar bagalegt er að ekki skuli fást stuðningur við það að ráða starfsmann myndasafns við byggðasafnið. Með óbreyttu ástandi verður öll vinna við safnið slitrótt og mómarkviss.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar. Allt starf við safnið lagðist af við skyndilegt fráfall Viðars enda þarf bæði töluverða tækniþekkingu og tækjabúnað til að vinna við safnið en hvorugt er til staðar hjá byggðasafninu, Viðar hafði sjálfur lagt þetta allt til. Safnstjóri hefur kynnt alvarlega stöðu safnsins til yfirstjórnar bæjarins en engar lausnir hafa verið settar fram. Safnstjóri hefur átt samtal við Kvikmyndasafn Íslands um að þau taki safnið til varðveislu en að það verði eftir sem áður í eigu byggðasafnsins. Starfsmaður Kvikmyndasafns kom í heimsókn og kannaði stöðuna. Engar ákvarðanir hafa verið teknar en safnstjóri mælir með að samið verði við Kvikmyndasafnið. Það háir þessu verkefni mjög að það er enginn starfsmaður til að sinna því en gera má ráð fyrir vinnu við að skrá safnið út og aðstoða við skráningu þess hjá Kvikmyndasafni sé að minnsta kosti þriggja mánaðar vinna.

Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins

Á árinu var gengið frá einkaskjalasöfnum sem tilheyra byggðasafninu. Þau hafa verið tekin úr möppum og sett í skjalaöskjur, útbúin skjalaskrá og söfnin skráð í *einkaskjalasafn.is*, samtals 115 söfn. Enn er eftir að ganga frá elsta hluta einkaskjalasafnanna í réttar umbúðir. Jafnframt var gengið frá einkaskjölum sem bæst hafa við á árinu t.d. frá Lionsklúbbi Keflavíkur, Lionessklúbbi Keflavíkur og Sigfúsi Kristjánssyni og Jónínu Kristjánsdóttur ásamt ýmsum smærri söfnum. Þá var hafist handa við frágangi og skráningu skjala Byggðasafns Reykjanesbæjar og í árslok var lokið við frágang og skráningu skjala á pappír til ársins 2006. Ný aðföng sem borist hafa á árinu hafa verið skráð og gengið frá þeim jafnóðum og þau berast.

Rannsóknir

Lítið var um rannsóknir á árinu, aðallega var unnið við að betrumbæta safnskránnu með því að leita að og staðfesta að upplýsingar um fólk sem tengist safnkostinum væru réttar.

Styrkur fékkst úr safnasjóði til að sinna rannsóknum á brunanum í Skildi, en ákveðið var að fresta vinnunni með það að markmiði að setja verkefnið á dagskrá strax í byrjun þessa árs.

Samið var við Helga Biering þjóðfræðing um að hann tæki að sér að útbúa líkan að Skildi og hóf hann þá vinnu í byrjun febrúar og henni lauk nú í byrjun mars. Stefnt er að því að kynna þessa rannsókn t.d. með vefsýningu á *sarpur.is* síðar á þessu ári.

Reykjanesbæ 1. mars 2018

Sigrún Ásta Jónsdóttir

safnstjóri